

Ágætu félagar

Ég þakka boð ykkar að fá að ávarpa ykkur á þessu þingi. Ég færi ykkur baráttukveðjur félaga ykkar í ASÍ.

Þing sambanda eru nauðsynleg til að skerpa stefnur og setja ný mál á dagskrá. Okkur er og á ekki að vera neitt mannlegt óviðkomandi.

Ég ætla að fullyrða að verkalýðshreyfingin í hverri mynd sem hún er og hvað hún heitir er eitt mesta framfarafl sem íslenskt samfélag á.

Verkalýðshreyfingin er einnig stærstu mannúðarsamtök sem starfa hér á landi. Við rekum líka velferðarkerfi, afþreyingakerfi í formi orlofsheimila og styrkjakerfa.

Við erum að ná árangri í kjarabaráttu, menntamálum okkar félagsmanna, aðbúnaði og hollustuháttum. Við eigum að hampa okkur. Við erum að ná eins langt og við komumst hverju sinni og svo ætlum við að ná lengra.

Skipulag hreyfingarinnar er í stöðugri þróun. Félög sameinast til að ná sem mestum slagkrafti og þjóna sínum félagsmönnum sem best í nærsamfélaginu

Mér finnst við í góðum málum hvað nærsamfélagið áhrærir.

En það eru fleiri mál sem skapa lífsafkomu okkar og hamingju.

Á hinu stærra sviði verkalýðsbaráttunnar eru verkefni sem við þurfum sterk heildarsamtök eins og BSRB og ASÍ.

Í síðustu kjarasamningum þurftum við eina ferðina enn að verja velferðarkerfið okkar niðurskurði, og við þurfum sem hagsmunavörslufólk almennings einnig að verjast niðurskurði nauðsynlegar stofnanir og innviði sem hafa tæki og tól til að verjast ásælni fjármálaafli í eigur okkar.

Ég vil nefna

Samkeppnisstofnun

Eftirlit með bönkum

Eftirlit með byggingastarfsemi

Eftirlit með afurðarstöðvum landbúnaðarins

Eftirlit með skattsvikum og undanskotum

Það er verið að leggja drög að því að víkka ryksugubarkana sem hafa verið lagðir að veskjum okkar fyrir fjármagnsöflin með því að veikja þær stofnanir eða leggja þær niður sem eiga að standa vaktina. Þetta er kallaður eftirlitsiðnaður og fleiri og fleiri taka upp þetta orð sem skammaryrði án þess að átta sig á hvað þau eru að segja.

Ég nefni hér líka nokkur fleiri grundvallarmál sem verkalýðshreyfingin verður að mínu mati að móta skýra afstöðu til og taka upp baráttu vegna:

Hrópleg misskipting þjóðarauðsins sem skapað hefur fámenna, ofurríka yfirstétt og lagt hefur drög að lénskerfi í landinu.

Eignarhald á Íslandi og auðlindum þess.

Varðstaða um opinbert eignarhald og stjórn á framleiðslu og miðlun raforku, jarðvarma og ferskvatns. Verði ekki brugðist við áformum peningavaldsins og skósveina þess í stétt stjórnmalafólks verður þessum eignum okkar, sem þjóð, komið í hendur útvaldra. Þessum gæðum verður beinlínis stolið; leikfléttan í kringum kvótakerfið og framsalið verður endurtekin. Almennungur verður krafinn um miklu meiri fjármuni fyrir vatn, hita og rafmagn.

Þetta verður gert í skjóli markaðsvæðingar, hagræðingar og niðurskurðar.

Ég vil líka nefna húsnæðisstefnuna sem getið hefur af sér verðbólgu, hæstu stýrivexti í evrópu og fjármagnsflutunga milli þeirra sem eiga pening og þeirra sem skulda pening. Hún byggir á lóðaskorti, verðhækkun byggingalands og hækkun fasteignagjalda. Það er eina virka húsnæðisstefna stjórnvalda.

Ég vil líka nefna einkavæðingu heilbrigðiskerfisins. ASÍ og BSRB vorum með ráðstefnu þar sem rakin var reynsla Svía af för þeirra í einkavæðingu heilbrigðiskerfisins. Hún var ekki fögur.

Einhver kann að segja að verkalýðshreyfingin sé komin í pólitík. Það erum við svo sannarlega og eigum að vera. Við erum ekki í flokkspólitík, við erum í hagsmunagæslupólitík. Alveg eins og önnur hagsmunaöfl sem grímulaust berjast fyrir hagsmunum sinna umbjóðenda hér eru á landi.

Ég segi við ykkur góðir þingfulltrúar eins og ég er að hvetja mína félagsmenn. Gangið enn lengra sem einstaklingar og takið þátt í

flokkspólitíkinni. Farið og gerið ykkur gildandi í þeim flokki sem þið aðhyllist. Okkur vantar rödd hins almenna launamanns í flokksráðunum, á alþingi og hvar sem verið er að ræða hagsmuni almennings.

Í síðasta mánuði efndu ASÍ, BSRB og KÍ til útifundar á fyrsta degi alþingis í haust. Tilfnið var ærið en áhersla var einkum lögð á þráláta verðbólgu, mjög háa vexti, hækkanir á nauðsynjavörum og gríðarlegan húsnæðisskort og húsnæðiskostnað leigjenda. Stjórnvöld voru gagnrýnd fyrir athafnaleysi og værukærð gagnvart hagsmunum almennings.

Fundurinn var ákveðinn og auglýstur með skömmum fyrirvara, og haldinn á dagvinnutíma og í skítakulda.

Þar af leiðandi reiknuðum við ekki við miklum fjölda en fengum þó fleiri en ég gerði ráð fyrir að fá.

Ástæða er til að staldra við þennan fund á Austurvelli og hugleiða þær birtingarmyndir íslenskra stjórn mála sem umkvörtunarefnin opinbera.

Hver voru viðbrögð stjórnar og skósveina hennar? Í stað þess að fara málefnalega í umræður um umkvörtunarefnið var því velt fyrir sér hve margir mættu. og hvort verkalyðsforustan væri með fólkið með sér. Þeir skildu ekki táknmynd mótmælanna.

Þessu fólki væri nær að hugleiða hverjir halda atvinnulífinu gangandi, hverjir borga skattana og í hverra umboði alþingismenn eru. Þeir eru í vinnu hjá almenning en ekki aðeins fjármagnseigendum og fyrirtækjum.

Góðir þingfulltrúar.

Ég vona að þið eigið gott og starfsamt þing. Við í ASÍ eigum samleið með ykkur í kjarabaráttunni eins og dæmin sýna og ég færi ykkur enn og aftur kveðjur félaga ykkar úr ASÍ og óska ykkur velfarnaðar í störfum ykkar.